

Nd.

**372. Frumvarp til laga**

[189. mál]

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**A thugas emdir við laga frumvarp þetta.**

Með lögum nr. 9 19. mars 1964, um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka, var svo fyrir mælt að fresta skyldi að framkvæma ákvæði 11. gr. laga nr. 52 1957, um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt var bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili. Að athuguðu máli þykir rétt að fresta framkvæmd ákvæða 11. gr. téðra laga um önnur fimm ár og banna jafnframt að eitra fyrir refi og minka á sama tímabili. Þess vegna er frumvarp þetta flutt.